



Tilögur í öryggisátt



| | |
|--------------|--|
| Mál nr.: | 2015-119S072 |
| Nafn skips: | Jón Hákon / 1955 |
| Dagsetning: | 07. júlí 2015 |
| Staðsetning: | Vestfjarðarmið - 66°24'633N og 023°21'099V |
| Atvik: | Ofhleðsla, sjósöfnun, hvolfir, sekkur og banaslys |

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum



Tillögur í öryggisátt

Í tilefni af slysi þessu gerir RNSA eftirfarandi tillögur í öryggisátt til Samgöngustofu:

Að þegar verði hafin endurskoðun á reglum um losunar- og sjósetningarbúnað um borð í íslenskum skipum og heildarúttekt á þeim búnaði sem er í notkun í dag. Þar verði skoðað sérstaklega hvort núverandi búnaður sé að skila björgunarförum á þann hátt sem til er ætlast. Nefndin telur nauðsynlegt að búnaðurinn sé þannig gerður að gummíbjörgunarbátar losni frá skipum ef þeim hvolfir óháð stærð þeirra.

Að gert verði skylt að vera með viðvörðun um sjósöfnun í lestum fiskiskipa.

Að tryggt verði að samþykkt stöðugleikagögn sýni með skýrum hætti hver leyfileg hámarklestun skipsins er og að hleðslumerki sé sett á öll fiskiskip í samræmi við það.

Að þegar verði gerð úttekt á því hvort fiskiskip séu með fríborðshleðslumerki og þeim við haldið.

Að standa fyrir eflingu fræðslu um stöðugleika fiskiskipa til starfandi sjómanna með áherslu á þá hættu sem stafar af ofhleðslu skipa.

Að hlutast til um herferð til að efla hlustvörslu skipstjórnarmanna á rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Dual watch).

Að vegna óáreiðanleika AIS tækja, af B gerð, verði gerð krafa um að öll skip séu búin AIS A tækjum til að tryggja aukið öryggi sjófarenda.

Að farið verði eftir tilmælum IMO númer A.917 um sjálfvirk auðkenningakerfi (AIS) og sjómenn upplýstir um virkni kerfisins. Að tryggt verði að við nafnabreytingar á skipum verði viðeigandi leiðréttingar gerðar í AIS tækjum þeirra.

Að efla eftirlit með faggildum skoðunarstofum sem eru með leyfi til að skoða íslensk fiskiskip í umboði hennar og að löggildingar verði þegar krafist fyrir sérhæfðan prófunarbúnað þessa aðila.

Að krafa verði gerð um merkingar á Berwyn sleppiloka um virkni hans og gildistíma.



Tillögur í öryggisátt

Í tilefni af slysi þessu gerir RNSA eftirfarandi tillögur í öryggisátt til Innanríkisráðuneytisins:

Að það verði afdráttarlaust gert refsivert að ofhlaða fiskiskip og eftirlit með því tryggt.

Að siglingalögum verði breytt þannig að eigendum og vátryggingafélögum fiskiskipa verði gert skylt að taka upp flök skipa sem sökva nema sýnt sé fram á að slíkt sé ógerlegt.

Einnig voru gerðar eftirfarandi ábendingar:

Sérstakar ábendingar

Nefndin beinir því til samstarfsaðila á sviði vöktunar og viðbragðs að beita sér fyrir því að stafræna valkallskerfið (DSC) verði eftt og kanna möguleika á því að koma textaskilaboðum í farsíma sjófarenda á ákveðnum svæðum.

Nefndin beinir því til þeirra aðila sem annast kenndu og fræðslu til sjómanna um fjarskipti og öryggismál að leggja ríka áherslu á skyldu þeirra til hlustvörslu á VHF rás 16 og notkun tveggja rása vöktunar (Dual Watch).

Í 35. gr. laga um Rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 segir:

Rannsóknarnefnd skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum eftir því sem rannsókn slyss gefur tilefni til og beina tilmælum til viðeigandi aðila, innlendra sem erlendra, eftir því sem við á. Tillögurnar skal birta opinberlega. Þeir sem tilmælum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á. Skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd skal, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum við tilmælum um úrbætur, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.